

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um skráningu sérlyfja nr. 48 20. maí 1964.

1. gr.

7. gr. 1. mgr. reglugerðarinnar orðist svo:

Greiða skal gjald að upphæð kr. 4 000.00 fyrir hverja umsókn um skráningu sérlyfs sbr. 3. gr.

2. gr.

8. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Af hverju formi sérlyfs, sbr. 9. gr. og 19. gr., sem er á sérlyfjaskrá 1. janúar ár hvert, skal greiða 2 000.00 kr. árgjald, er greiðist til sérlyfjasjóðs fyrir 1. febrúar ár hvert.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 62. gr. lyfsölulaga nr. 30 29. apríl 1963 og öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi reglugerð um breyting á reglugerð um skráningu sérlyfja nr. 220/1973 og reglugerð um breyting á sömu reglugerð nr. 287/1974.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 12. september 1975.

F. h. r.

Páll Sigurðsson.

Almar Grímsson.

22. ágúst 1975.

Nr. 414.

AUGLÝSING

um breyting á reglugerð nr. 370, 17. desember 1974, um innflutnings- og gjaldeyrislyfi.

1. gr.

2. tl. 4. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Vörur, sem skipverjar og flugliðar innlendra farartækja flytja sjálfir með sér í fari sínu til persónulegra nota hlutaðeigandi eða skyldmenna hans og keyptar eru fyrir hinn svonefnda áhafnagjaldeyri, kr. 9 000 verðmæti í hverri ferð, sem er 20 daga eða lengur, en kr. 14 000, ef ferðin hefur verið 40 daga eða lengur. Tilsvarandi undanþága fyrir þá, sem skemur hafa verið í ferð, er kr. 3 000 við hverja komu.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 30, 25. maí 1960, um skipan innflutnings- og gjaldeyris mála, öðlast þegar gildi.

Viðskiptaráðuneytið, 22. ágúst 1975.

Ólafur Jóhannesson.

Þórhallur Ásgeirsson.